

Nd.

356. Frumvarp

til laga um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnifsdal.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu til afnota við starfrækslu bátabryggju í svo-
nefndri Skeljavík innan við Hnifsdal.

Stærð landsins má vera allt að 25000 fermetrar.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.